

40.Umdæmisþing
Kiwanisumdæmisins ísland Færeyjar
9. til 12. september 2010 Salnum Kópavogi



Eldeyjarfélagar, undir forystu formanns þingnefndar, Eyþórs Einarssonar, leggja nú lokahönd á undirbúning umdæmisþings í Kópavogi. Drög að dagskrá liggja fyrir og sérstakt þingblað mun berast félögum í byrjun september. Á þinginu kennir ýmissa grasa og bryddað er uppá nýjungum sem vonandi gera þingið skilvirkara og efnis- og viðameira. Þingið hefst í Eldeyjarhúsi, 9. sept. kl 18:00 með “Fókus á fjölgun” fjölgunarráðstefnu umdæmisins. Þangað eru áhugasamir Kiwanisfélagar boðnir velkomnir, en sérstaklega er skorað á verðandi embættismenn klúbba og umdæmis að sitja ráðstefnuna, enda einsýnt að fjölgunarmálin munu verða í brennidepli næstu misserin. Föstudagsdagskráin hefst kl 08:00 í Eldeyjarhúsi með síðasta umdæmis-stjórnarfundum starfsársins. Sameiginleg fræðsla verðandi embættismanna byrjar kl 09:00 í Salnum. Hádegisverður er í Safnaðarheimili Kópavogskirkju, en aðalfundur Tryggingasjóðs verður þar kl. 13:30 meðan fjölgunarráðstefnu verður framhaldið í Salnum. Formleg þingsetning 40.

umdæmisþings verður í Kópavogskirkju kl 20:00 og móttaka í Safnaðarheimili strax á eftir. Eitthvað sem þið vilji ekki missa af!!!. Landsfrægur Kiwanisskemmaþingur mun stíga þar á stökk og segja okkur til syndanna og von er á að Eldeyjafélagar láti gamminn geysa. Fljótandi veitingar eru í boði gegn vægu verði. Rútuferð á hótél í lok skemmtunar. Þingfundir er svo framhaldið í Salnum kl 09:00 á laugardag. Hefðbundin þingstörf ráða ferðinni en sérstaklega er félögum bent á kynningu á nýju heimsverkefni KI og umræðu um K-dag. Hádegisverður í Safnaðarheimilinu. Í orðsins fyllstu merkingu má því segja að Kiwanisfólk verði “hátt uppi” á laugardagskvöld, en þingfundir verður frestað um kl 16:00 svo nægur tími gefist til að tína á sig betri spjarirnar og fjölmenna á “galakvöld” í hjarta Kópavogs sjálfum “Turninum” Tekið verður á móti veislugestum með líflegum lúðrablaestri og þeim boðið til móttöku umdæmisstjóra og fordrykkjar. Stallari mun síðan kynna veislugesti hvern af öðrum og þeirra biður glæsileg veilsúmalítið. Óhjákvæmilegum formsatriðum verður haldið í lágmarki en meira lagt uppúr samveru og samræðu, glensi, gamni og dansi.

Nánari upplýsingar um þingið verða sendar klúbbsforsetum og birtar hér á síðunni!!! Það er von mín að Kiwanisfélagar taki virkan þátt í þingstörfum og ítreka að allt þinghald og viðburðir er opið almennum Kiwanisfélögum. Mætið í Kópavoginn –Upplifið stemninguna- Endurnýjið vinatengslin og stofnið til nýrra.

Efling –Kraftur-Áræði – Helgin er okkar!!!
Kiwaniskveðja
Óskar

[Dagskrá þingsins](#)



Galakvöldið í Turninum

Húsið opnar kl 19:00

Fordrykkur Á Bar 20. Hæðarinnar

Veislustjóri Hjálmar Hjálmarsson bæjarfulltrúi næstbesta flokksnum Kóp.

Skemmtiatriði Friends forever : söngur

Hljómsveitin Granít spilar dinner og dansmúsik til kl 02:00

Matseðill Gala dinner

Forréttur

Kremuð Humarhalasúpa með léttþeyttum rjóma

Aðalréttur

Lambarifja með krydduðum lambaskanka Madeirasósu

Kremuðum sveppum og fondant kartöflum

Eftirréttur

**Frönsk sukkulaðikaka
með pistasíuís og ferku berjasalsa**

Miðaverð kr. 7,800 pr. mann



Makaferð í boði umdæmisstjórnar



Makaferð í boði Umdæmisstjórnar

11. september 2010.

Dagskrá:

Hittumst við Gerðasafnið kl. 11:00

Kl. 11:00 Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn - Leiðsögn um sýninguna niu/nine.

Kl. 11:45 Náttúrufræðistofu Kópavogs - Leiðsögn um safnið.

Kl. 12:15 Tónlistarsafn Íslands - Sýning til heiðurs Sigfúsi Halldórssyni á 90 ára fæðingarafmæli hans - Fúsi 90 ára.

Kl. 13:00 Safnaðarheimili Kópavogskirkju – hádegisverður kr. 1.500.-

Farastjórar: Jónína og Ester

Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 9. september til konrad.konradsson@gmail.com

Prentvæn útgáfa klikka [hér](#)